



## FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Flokks fólksins

---

### ***Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð 24. ágúst: Fyrirspurn um biðlista barna***

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum frá mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði Reykjavíkurborgar hvort ráðið ætli að bregðast við með einhverjum hætti vegna vanrækslu meirihlutans á málefnum barna sem enn eru föst á biðlistum eftir fagþjónustu í skólum borgarinnar? Spurt er vegna þess að fulltrúi Flokks fólksins telur að sú vanræksla sem fólgin er í því að láta biðlista lengjast ár frá ári án þess að gripið sé inn í með raunhæfum hætti, megi í raun túlka sem ákveðna tegund af ofbeldi. Þess vegna þurfi mögulega að eiga sér stað einhverskonar inngrip af hálfu mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs hvað þetta varðar. Fulltrúinn hefur í langan tíma gagnrýnt fyrirverandi og núverandi meirihluta fyrir sinnuleysi varðandi þennan málaflokk sem m.a. hefur haft þær afleiðingar að mörg þessara barna hafa orðið af þeirri þjónustu sem þau áttu rétt á vegna aldurs. Í framhaldi af því er það alveg orðið spurning hvort grundvöllur sé fyrir málsókn á hendur Reykjavíkurborg fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu vegna þeirra mannréttindabrota sem átt hafa sér stað undanfarin ár gegn þeim börnum sem ekki hafa fengið þá þjónustu sem borginni ber að veita. MSS23080103